

## LÖG

### um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum (dvalarleyfi vegna samninga við erlend ríki).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 32. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Eigi skal þó greiða fyrir dvalarleyfi skv. 66. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, sé samningur samkvæmt þeirri grein í gildi og þar sé kveðið á um undanþágu frá greiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 19. júní 2018.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*